

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (292. mál).

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, á þingskjali 354.

Félag atvinnurekenda lýsir sig eindregið fylgjandi frumvarpinu, sem kveður á um að undanþágur mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum, sem lögfestar voru árið 2004, verði felldar úr gildi. Engin rök standa til þess að undanskilja framleiðslu og sölu á mjólk almennum samkeppnisreglum, frekar en nokkra aðra atvinnugrein í landinu.


Fyrir lagabreytinguna 2004 voru starfandi fimm afurðastöðvar í mjólkuriðnaði. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins (SE) í máli Mjólkursamsölnunar frá því í september 2014 kemur fram að eftir það hafi samrunar, sem SE getur ekki hlutast til um, leitt til því sem næst einokunarstöðu MS og tengdra félaga í vinnslu og heildsöludreifingu á mjólkurafurðum. Samkvæmt sömu ákvörðun hefur MS misbeitt stöðu sinni gagnvart minni keppinautum. Á endanum bitnar slík einokunarstaða, sem er varin með því að bregða fæti fyrir keppinauta, á hagsmunum neytenda.

Áfrýjunarnefnd ógilti ákvörðun SE og vísaði málinu aftur til stofnunarinnar til frekari rannsóknar, vegna þess að í ljós kom að MS hafði leynt samkeppniseftirlitið í gögnum. Ekkert hefur hins vegar komið fram sem haggar þeirri niðurstöðu að hér sé orðin til einokunarstaða á mjólkurmarkaði, sem er misbeitt gagnvart minni keppinautum.

FA leyfir sér ennfremur að rifja upp eindregin og ítrekuð tilmæli Samkeppniseftirlitsins til stjórnvalda, um að afnema undanþágu mjólkuriðnaðarins frá ákvæðum samkeppnislaga. Það er mikið undrunarefni að þeim tilmælum skuli ekki hafa verið sinnt á nokkurn hátt.

FA mælir með samþykkt frumvarpsins en áskilur sér þó rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA